



351. Stjórnarfundur haldinn 15. apríl 2010 kl:17:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og hún samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ Starfsíþróttatþings 24. apríl 2010 Akureyri. Tölvupóstur frá Birgi Má Bragasyni körfuknattleiksdeild v/ B- salar Sunnubrautar og aðgangskorta sem RNB gefur. Afrit af umsóknum knattspyrnudeildar í Mannvirkjasjóð KSÍ v/ knattspyrnuvallar og félagsheimilis. Bréf frá körfuknattleiksdeild v/ ósk um aðstoð í stuttan tíma. *Aðstoðin samþykkt og framkvæmdastjóra falið málið.* Bréf frá UMFÍ boðun á samráðsfund 8.-9. maí í Borganesi. *Ákveðið að KG verði okkar fulltrúi á samráðsfundinum, EH verður á fundinum sem stjórnarmaður UMFÍ.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Leikjaskóli Keflavíkur 2010.

Ekki hefur verið gerður samningur um rekstur á leikjaskóla, en líkur eru á að framlag til hans verði skert. Nýjar hugmyndir verði skoðaðar með möguleikum á breytingum á skólanum.

5. 17. júní 2010.

Tölvupóstur frá Valgerði Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra menningarsviðs RNB v/ 17. júní hátíðarhalda. *Samþykkt að vera með. EH, KG, SA og GA voru skipaðir í 17. júnínefnd félagsins.*

6. Nýja félagsheimilið að Sunnubraut.

BI skýrði frá stöðu mála á framkvæmdum við félagsheimilið. EH sýndi stjórnarmönnum mynd af kaffistelli með merki félagsins á. Framkvæmdastjóra falið að fá sýnishorn af stölinu fyrir næsta fund. Fundur hefur verið boðaður v/ félagsheimilis um stöðu mála og verður hann þriðjudaginn 20. apríl. *BI og EH mæta á fundinn.*

6. Fundir með deildum félagsins.

Fundum lokið með knattspyrnu-, körfuknattleiks- og fimleikadeild. Fundirnir hafa þótt góðir og upplýsandi fyrir alla aðila.





Frh.

351. Stjórnarfundur haldinn 15. apríl 2010 kl:17:00

7. Önnur mál.

EH óskaði eftir tilnefningu á einum fulltrúa aðalstjórnar í unglingslandsmótsnefnd félagsins. Ákveðið að fresta þessu til næsta fundar. EH sagði frá samningi sem hann gerði við Bláa Lónið og hvað fælist í honum. EH sagði frá því að hann væri að vinna að því að sækja um í Manngildissjóð RNB bæði fyrir ritun á 80 ára sögu félagsins og einnig uppsetningu á sögusýningu félagsins sem var opnuð 4. okt. 2009. Umræður um hvort ekki þyrfti að setja reglur um fjáraflanir innan félagsins. ***Framkvæmdastjóra falið að fá einkaleyfi á logó félagsins.*** Ákveðið að taka lög félagsins fyrir á næsta fundi

Næsti fundur 21.04. kl. 17:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:45

Fundinn ritaði SG

